

AUGLÝSING um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Nýtt deiliskipulag fyrir reit 27B í Hamranesi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum 20. apríl 2022 deiliskipulag á reit 27B í Hamranesi. Á deiliskipulagsreitnum sem úthlutað var sem þróunarreit er gert ráð fyrir byggingarreit fyrir tvö fimm hæða fjölbýlishús með 50 íbúðum ásamt reit fyrir einnar hæða 30 m² smáhýsi á lóð fyrir íbúa. Á jarðhæð sem snýr að Hringhamri er heimilt að vera með verslun og þjónustu.

Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 23. maí 2022.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Anna Margrét Tómasdóttir verkefnastjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 7. júní 2022